



103. Fundur Stúdentaráðs

Fimmtudagur 14. September 2023 kl. 14:00

Fundaritari: Ragnheiður Rós Kristjánsdóttir

Mættir: Sólveig Birna (forseti), Ragnheiður Rós (fjármálastjóri), Berglind, Lilja, Páll, Rakel, Cristina, Æsa, Silja, Þorsteinn (fyrir hönd Data), Erla, Elín (fyrir hönd Magister), Hulda, Hildur og Fanney

Fjarverandi: Hanna (varaformaður), Bryndís eva og Söldís Diljá

Fundur settur 14:02

1. Uppgjör nýnemadaga

Rætt um nýnemadaga og nýnemakvöldin hjá aðildarfélögum. Farið yfir hvað gekk vel og hvað hefði mátt fara betur.

2. Aðkoma stúdenta á stefnu HA (Sólveig María)

Sólveig María Árnadóttir, verkefnastjóri samfélagsmiðla og samskipta við Háskólann á Akureyri kom og ræddi stefnumótunina við Stúdentaráð. Þar sem hún kynnti stefnu HA í grófum dráttum og varpaði síðan fram spurningum til Stúdentaráðs. Hún mun taka saman athugasemdirnar áfram til Hildar sem vinnur að stefnumótun HA.

3. Sprellmót

Rætt var um sprellmót sem verður haldið 22. september. Farið var yfir reglur á sprellmótinu og breytingar á þrautum. Ásamt því voru dómaraformlega kynntir fyrir stúdentaráði.

4. Önnur mál

a. Vinnufundur SHA 5. okt

Rætt var um komandi vinnufund SHA, ræddar voru dagsetningar og stefnt var á að halda hann 6. október kl. 13:30

Fundi slitið: 15:03